



Skipulags- og byggingarfulltrúi

Húsavík 29. nóvember 2022

Norðurþing
B.t. Skipulags- og framkvæmdaráð

Efni: Tilboð í endurskoðun aðalskipulag Norðurþings

Útboð 21796 – Aðalskipulag Norðurþings 2025-2045 var auglýst þann 3.nóvember 2022.

Óskað var eftir tilboðum í ráðgjöf við gerð aðalskipulags Norðurþings þar sem seljandi mun annast alla skipulagsráðgjöf vegna verkefnisins í nánu samráði við kaupanda.

Opnun tilboða fór fram 24. nóvember 2022 og skiluðu þeir aðilar tilboði, sjá eftirfarandi tilboð og kostnaðaráætlun.

Alta ehf, heildartilboðsfjárhæð 29.940.000 kr. án vsk.

Efla verkfræðistofa, heildartilboðsfjárhæð 28.200.000 kr. án vsk.

Verkís, heildartilboðsfjárhæð 28.856.000 kr. án vsk.

Kostnaðaráætlun 30.600.000 án vsk.

Kaupandi og Ríkiskaup hafa farið yfir tilboð lágstbjóðanda, Eflu. Mat kaupanda og Ríkiskaupa er það að Efla uppfylli allar hæfiskröfur og lágmarkskröfur útboðsgagna.

Í kafla 1.4 í útboðsgögnum kemur fram að fjárhagslega hagkvæmasta gilda tilboð sé valið á grundvelli lágsta heildartilboðsverðs.

Í samræmi við ofangreint er það mat kaupanda og Ríkiskaupa að tilboð Eflu sé fjárhagslega hagkvæmasta gilda tilboð og leggja kaupandi og Ríkiskaup því til að samið sé við Eflu í ofangreindu útboði.

Virðingarfyllst;

Skipulagsfulltrúi
Norðurþings

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi